

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/21/EB

2007/EES/31/23

frá 24. febrúar 2004

## varðandi takmörkun á sölu og notkun „asólitarefna“ (þrettánda aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/769/EBE) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/61/EB<sup>(1)</sup> um nítjándu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (asólitarefni), einkum 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 2002/61/EB um nítjándu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáskilum um aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna<sup>(2)</sup> má ekki nota tiltekin asólitarefni í textíl- og leðurvörur. Ekki er heldur heimilt að markaðssetja þessar textíl- eða leðurvörur nema þær samrýmist kröfunum í þeirri tilskipun.
- 2) Í 2. gr. tilskipunar 2002/61/EB er þess krafist að samþykktar verði prófunaraðferðir fyrir beitingu 43. liðar I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE.
- 3) Staðlasamtök Evrópu (CEN) hafa mótað prófunaraðferðir sem nota skal til að gera prófanir á textíl- og leðurvörum í samræmi við beitingu 43. liðar I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE.
- 4) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf Bandalagsins þar sem mælt er fyrir um lágmarkskröfur um vernd starfsmanna, einkum tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum<sup>(3)</sup> og tilskipun ráðsins 90/394/EBE frá 28. júní 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)<sup>(4)</sup>.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með hættuleg efni og efnablöndur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilum til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 57, 25.2.2004, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2004 frá 29. október 2004 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 21.4.2005, bls. 12.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/53/EB (Stjtið. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 24).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 196, 26.7.1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/38/EB (Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 66).

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 76/769/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. liðar í 2. dálki 43. liðar, Asólitarefni, komi eftirfarandi:

„1. Við afoxandi klofnun eins eða fleiri asóhópa geta eitt eða fleiri þeirra arómatísku amína, sem tilgreind eru í viðbætinum, losnað frá asólítum í greinanlegum styrk, þ.e. í styrk yfir 30 milljónarhlutum í fullnum vörum eða í lituðum hlutum þeirra samkvæmt prófunaraðferðunum sem tilgreindar eru í þeim viðbæti og er óheimilt að nota þá asóliti í textíl- og leðurvörur sem hætt er við að komist í beina og langvarandi snertingu við húð manna eða munnhol, s.s.:

- klæði, rúmföt, handklæði, lausa hártoppa, hárkollur, hatta, bleyjur og aðrar hreinlætisvörur og svefnpoka,
- skófatnað, hanska, ólar á armbandsúr, handtöskur, pyngjur og veski, skjalatöskur, áklæði á stóla og pyngjur sem eru bornar um hálsinn,
- leikföng úr textíl eða leðri og leikföng sem eru að hluta úr textíl eða leðri,
- garn og vefnað sem er ætlaður neytendum.“

2. Eftirfarandi bætist við í 43. lið í viðbætinum:

**„Skrá yfir prófunaraðferðir**

Staðlasamtök Evrópu (*)	Tilvísun og titill staðalsins	Tilvísunarskjal	Tilvísun í staðalinn sem leystur er af hólmi
CEN	Leður — efnafræðilegar prófanir — Ákvörðun tiltekinnar asólitarefna í lituðu leðri	CEN ISO/TS 17234:2003	ENGIN
CEN	Textílefni — Aðferðir til ákvörðunar á tilteknum arómatískum amínum sem eru leidd af asólitarefnum — 1. hluti: Greining á notkun tiltekinnar asólitarefna sem eru aðgengileg án útdráttar	EN 14362-1:2003	ENGIN
CEN	Textílefni — Aðferðir til ákvörðunar á tilteknum arómatískum amínum sem eru leidd af asólitarefnum — 2. hluti: Greining á notkun tiltekinnar asólitarefna sem eru aðgengileg með útdrætti trefja	EN 14362-2:2003	ENGIN

(\*) ESO: Evrópskar staðlastofnanir:

CEN: rue de Stassart 36, B-1050 Bruxelles; sími: (32-2) 550 08 11, myndsími: (32-2) 550 08 19. <http://www.cenorm.be>

CENELEC: rue de Stassart 35, B-1050 Bruxelles; sími: (32-2) 519 68 71, myndsími: (32-2) 519 69 19. <http://www.cenelec.org>

ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis; sími: (33) 492 94 42 00, myndsími: (33) 493 65 47 16. <http://www.etsi.org>